

Námsáætlun í Samfélagsgreinum

8. bekkur

Kennari/Kennarar:

Andri Rafn Ottesen, fagstjóri

andriot@gardaskoli.is

Berglind Rósa Birgisdóttir

berglindbirgis@gardaskoli.is

Heimir Björnsson

heimirbj@gardaskoli.is

Rósanna Andrésdóttir

rosannaa@gardaskoli.is

Kennslustundir á viku:

Tvær kennslustundir á viku, 55 mínútur hvor.

Námsmat:

Í samfélagsgreinum er lögð áhersla á fjölbreyttar leiðir til námsmats ásamt því að námsmat er framkvæmt jafnt og þétt yfir námstímann, svokallað símat. Athugið að í símati skiptir máli að sinna náminu jafnt og þétt því margt smátt gerir eitt stórt og getur skipt sköpum þegar upp er staðið. Þegar lokaeinkunn er reiknuð eru allar lotur teknar jafnar með til útreikninga ásamt vinnueinkunn nemenda.

Nemendur fá alltaf einstaklingseinkunn, líka í hópaverkefnum. Í námsmati er einnig tekið tillit til sérþarfa nemenda og sértækra námsörðuleika.

Sein skil hafa áhrif á einkunn verkefna og óskiluð verkefni fá D. Sjá nánar undir “Efni” á INNU í skjali sem heitir “Reglur um verkefnaskil nemenda í samfélagsgreinum”.



LOTA 1 – ÍSLAND KORTALÆSI 25.ágúst – 14.september			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Landafræði Íslands Staðaheiti Kennileiti Kortalæsi	Íslandskort Kortabækur Rafræn kort Kortaleikir	Verkefnahefti um Ísland Virgni og þátttaka	Jörðin okkar / Kortalæsi - greint, þekkt og fjallað um upplýsingar á kortum, gröfum og annars konar myndum og sett upp kort til að miðla fjölbreyttum upplýsingum,

LOTA 2 – ÍSLAND HEIMABYGGÐIN 15.september – 12.október			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Landafræði Íslands Kennileiti Nærumhverfi Gagnrýnin hugsun	Íslandskort Kortabækur Nærumhverfi	Hugmyndir að úrbótum eða breytingum í nærumhverfi – Glærukynning	Saga / Heimabyggð - sýnt fram á skilning á íslensku samfélagi og útskýrt samhengi umhverfis, sögu, menningar, trúar, atvinnulífs og byggðapróunar,
		Hugtakaverkefni Virgni og þátttaka	Borgaravitund / Umferðarreglur - áttað sig á nauðsyn þess að sýna ábyrga hegðun í umferðinni vegna öryggis síns og annarra,



LOTA 3 – STAÐA BARNA OG UNGLINGA 13.október – 9.nóvember			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Mannréttindi Jafnrétti Sjálfsmynd Áhrif	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Kennslubókin „Sjálfbærni“	Áhrifamikil ungmenni – Glærुकyninging Virgni og þátttaka	Borgaravitund / Geta til aðgerða - ígrundað eigin getu til aðgerða og beitt sér á ábyrgan hátt fyrir málefnum sem stuðla að betra samfélagi.
			Sjálfsmynd / Sjálfsþekking - gert grein fyrir eigin áhugasviðum, styrk og áskorunum og myndað sér raunhæfa framtíðaráætlun á grunni þeirrar sjálfsþekkingar,

LOTA 4 – NÁTTÚRULANDAFRÆÐI 10.nóvember – 19.desember			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Náttúra Dýralíf Höfin	Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna Kennslubókin „Um víða veröld – Heimsálfur“ Kennslubókin „Sjálfbærni“	Stórt skilaverkefni unnið með náttúrufræðideildinni Virgni og þátttaka	Jörðin okkar / Auðlindir - varpað ljósi á hvers vegna sjálfbær nýting auðlinda er mikilvæg fyrir samfélög og í hnattrænu samhengi,
			Jörðin okkar / Sjálfbær þróun - sýnt fram á skilning á sjálfbærri þróun og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,
		Vinnueinkunn fyrir haustönn	Borgaravitund / Slysavarnir - bent á, fyrirbyggt og útskýrt rétt viðbrögð við ýmsum hættum í manngerðu umhverfi og náttúrunni,



Jólaleyfi

LOTA 5 – HEIMSÁLFURNAR 5.janúar – 1.febrúar			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Almenn landafræði Ólíkir lifnaðarhættir Ólíkir menningarheimar	Kennslubókin „Um víða veröld – Heimsálfur“	Ferðalagi umhverfis jörðina – Glærur eða heimasíða Virkni og þátttaka	Jörðin okkar / Samfélög - greint og borið saman ólíka menningarheima og samfélög, trúarbrögð, hefðir og siði, aðstæður og líf fólks,

LOTA 6 – FJÁRMÁLAFRÆÐSLA 2.febrúar – 20.febrúar			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Fjármálavit Kostnaður, sparnaður, verðsamanburður	Námsefni frá kennurum Ígrundun, stutt verkefni Vefsíður, myndbönd o.fl.	Auglýsing – Veggspjald Virkni og þátttaka	Sjálfsmynd / Fjármál einstaklings - gert grein fyrir hvernig þarfir, langanir og hegðun móta fjárhagslega stöðu einstaklinga og tekið ábyrga afstöðu í eigin fjármálum og neyslu.

Vetrarleyfi



LOTA 7 – MANNVISTARLANDAFRÆÐI 2.mars – 27.mars			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Menning Trúarbrögð Samfélög Frumbyggjar	Kennslubókin „Um víða veröld – Heimsálfur“ Kennslubókin „Sjálfbærni“ Trúarbragðavefurinn	Bæklingur um ákveðið svæði	Siðferði og trú / Trúarbrögð - túlkað frásagnir, hefðir, kenningar, hátíðir, siði og tákn kristni og annarra helstu trúarbragða heims,
		Hugtakaverkefni Virkni og þátttaka	Jörðin okkar / Áhrif mannsins - útskýrt áhrif og afleiðingar mannlegra athafna og tækni á loftslag, náttúru og lífsskilyrði alls lífs á jörðinni,

Páskaleyfi

LOTA 8 – LANDIÐ MITT 7.apríl – 22.maí			
Viðfangsefni	Námsefni	Námsmat	Hæfniviðmið
Borgarmyndun Áhrif á búsetu Samfélög Stofnanir, þjónusta	Kennslubókin „Um víða veröld – Heimsálfur“ Vefsíður, myndbönd o.fl.	Landið mitt – hönnun og rökstuðningur	Öll eða langflest hæfniviðmið sem hafa verið tekin fyrir á skólaárinu eru metin í þessu lokaverkefni.
		Virkni og þátttaka Vinnueinkunn fyrir vorönn	

Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Nauðsynlegt er að nemendur mæti vel undirbúnir og með námsgögn í kennslustundir.



Vinna fagdeildar með *grunnþætti menntunar*

Sköpun	Í öllum verkefnum er sköpun í fyrirrúmi og eru nemendur markvisst að vinna með skapandi skil á mörgum verkefnum. Nemendur eru hvattir í öllum kennslustundum samfélagsgreina til þess að hugsa hlutina á gagnrýnninn og skapandi hátt.
Jafnrétti	Í gegnum námsefni 8. bekkjar er jafnrétti ráðandi grunnþáttur. Jafnframt er þess gætt að allir sitji við sama borð og hafi jöfn tækifæri til þess að hafa sitt að segja í kennslustundum og verkefnum.
Læsi	Læsi er stór þáttur í samfélagsgreinum, unnið er jafnt með hugtakalæsi og myndlæsi. Gagnrýnin hugsun er lykilatriði í náminu. Unnið er með gagnvirkan lestur.
Lýðræði og mannréttindi	Þess er gætt að allir sitji við sama borð og hafi jöfn tækifæri til þess að hafa sitt að segja í kennslustundum og verkefnum.
Heilsa og velferð	Deildin tekur virkan þátt í heilsuefandi samfélagi Garðabæja. Megináhersla er á andlega þáttinn og stefnt er að allir nemendur séu heilbrigð vel þenkjandi sál með sjálfstraust til að mynda og móta eigin skoðanir óháð öðrum.
Sjálfbærni	Öll verkefni deildarinnar miða við að nemendur geti beitt hæfni á önnur viðfangsefni í daglegu lífi. Öll nálgun á sögulega þætti er þannig miðuð við að nemendur séu með verkfærakistu til þess að takast á við aðra sögulega þætti. Einnig er farið vel í sjálfbærni í umhverfisvitund með nemendum.

Vinna fagdeildar með *lykilhæfni*

Tjáning og miðlun	Í lang flestum verkefnum deildarinnar er lögð áhersla á að nemendur kynni verkefni sín og lokaafurð. Þannig þjálfast nemendur í að standa fyrir framan hóp, koma hugsunum sínum í orð og öðlast einnig aukið sjálfsöryggi í að kynna fyrir framan aðra. Umræður og kynningar þjálfar nemendur einnig í að hlusta á hugmyndir annarra og geta tekið tillit til ólíkra sjónarmiða.
Skapandi og gagnrýnin hugsun	Nemendur eru hvattir til að nýta sér spyrjandi hugarfar og leysa áskoranir sínar á fjölbreyttan og skapandi hátt. Fagdeildin lítur á mistök sem lærdómstæki og við beitum ýmsum leiðum til að skoða ólík sjónarhorn til að þjálfar gagnrýna hugsun. Þjálfist og tileinki sér skapandi og gagnrýna hugsun og vinnubrögð.
Sjálfstæði og samvinna	Fagdeildin býður uppá fjölbreytt námsmat, bæði í vali á viðfangsefnum og vinnuaðferðum. Nemendur fá því að takast á við verkefni einstaklingslega og í hópum. Í sjálfstæðri vinnu er lögð áhersla á að nemendur þjálfist í að skipuleggja sig, taki ábyrgð og nýti sér leiðsögn kennarans. Í hópavinnu þjálfast nemendur í að vinna með öðrum, hlusta á ólíkar skoðanir, skipta með sér verkum og axla ábyrgð.
Nýting miðla og upplýsinga	Nemendur vinna lang flest verkefni í tölvum en þurfa að byggja nánast alla sína vinnu á heimildum sem sótt úr kennslubókum eða af netinu. Nemendur þjálfast í að greina milli góðra heimilda og óáreiðanlegra miðla. Nemendur nýta ólíka miðla og þjálfast í að setja þá fram á ábyrgan hátt.
Ábyrgð og mat á eigin námi	Deildin tekst á við fjölbreytt verkefni sem geta haft áhrif á sjálfsmynd unglunga. Nemendur eru hvattir til að mæta viðfangsefnum með opnu hugarfari og ígrunda verkefni sín. Mesta námið fer fram í ferlinu sjálfu. Deildin notast einnig mikið við sjálfs- og jafningjamat.

